



Landssamband æskulýðsfélaga

## 17. fundur framkvæmdastjórnar 2008 – 2009

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

17. apríl 2008

**Mættir:** Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS) í síma, Sindri Snær Einarsson (SSE), Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM). Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri fundinn. Rakel Brynjólfssdóttir boðaði forföll.

**Fundur settur:** 11:10

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

### 1. Fundargerð s.l. fundar lesin upp og samþykkt

SSE fór yfir fundargerðina og hún samþykkt án athugasemda.

### 2. Fulltrúar á námskeið

JPS sagði frá því að tveir fulltrúar frá Urkí sóttu um að fá að fara á fjölmiðlanámskeið, haldið af YFJ. Þau eru Hannes Arnórsson og Margrét Inga Guðmundsdóttir. Svör við því hvort þau fái tækifæri til að fara eru ekki komin. PBM lagði til að ef þau yrðu valin til að fara að þau funduðu með HTF fyrir brottför. Á fundinum yrði farið yfir starfsemi LÆF og þeim gerð grein fyrir að þau væru að fara fyrir hönd LÆF. HTF lagði til að þau skiluðu skýrslu að ferð lokinni. Samþykkt að þau fengju að fara verði þau valin að uppsettum skilyrðum um fund og skýrslu.

PBM sagði frá því að hún hefði fengið tækifæri til að sækja Contact making seminar á vegum YFJ í Georgíu í lok apríl.

### 3. Framkvæmdastjóri LÆF

HTF sagði frá því að hún hefði rætt við Ingibjörgu Lilju Diðriksdóttur (ILD) um að gera viðskiptaáætlun fyrir æskulýðsmiðstöð. ILD ætlar að skoða málið og láta okkur vita fljótlega.

HTF lagði fram fullkláraða umsókn um að halda HRE námskeið á Íslandi. Guðrún D. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu kláraði umsóknina og sendi hana inn til Evrópuráðsins með samþykki LÆF. Gert er ráð fyrir því að námskeiðið verði haldið í lok september byrjun október á þessu ári og verði bæði í námskeiðsformi og á netinu. Nú er beðið eftir svari frá Evrópuráðinu og unnið verður áfram í málinu.

HTF sagði frá því að LÆF hefði boðist að fá til sín sjálfboðaliða í vinnu. Um er að ræða strák frá Noregi sem er nýfluttur til Íslands og hefur lítið að gera hér á landi eins og er. Stjórn tók vel í hugmyndina og lagði til að HTF ynni áfram í málinu og formaði starfið.

HTF lagði fram þá hugmynd að skrifstofa LÆF flytti yfir í skrifstofu SÍF sem er einnig staðsett í Hinu Húsinu. Var það samþykkt.

HTF sagði frá því að lógó aðildarfélaganna okkar rúlluðu nú á forsíðu [www.aeska.is](http://www.aeska.is) eins og beðið var um að yrði gert á síðasta stjórnarfundum.

HTF sagði frá stöðu á upplýsingaöflun um tækifæri fyrir ungt atvinnulaust fólk í sumar. Aðeins Urkí-R og SÍF hafa gefið upplýsingar um verkefni auk þess sem HTF er með upplýsingar um samarnám hjá HÍ. HTF vinnur í að fá réttar tölur og upplýsingar um atvinnuleysi ungs fólks.

#### 4. Laganefnd LÆF

HTF sagði frá því að Davíð Örn Sveinbjarnarson fyrrum stjórnarmaður í LÆF hefði áhuga á að vera með í starfi laganefndar og er hún þá fullskipuð. Einnig kom fram að tveir áhugasamir væru í KSH eftir eftirgrennslan þess efnis hjá RB.

HTF sagði frá því að laganefnd hefði fundað þann 16. apríl og farið rækilega yfir lögina og lagt til margar breytingar. Helstu breytingar eru fjölgun stjórnarmann, niðurlagning á undirdeildum LÆF og viðbætur við kriteriur fyrir aðild að félaginu þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að fá aukaaðild að félaginu. HTF sagði frá því að þegar tillögurnar væru fullkláraðar myndi þær verða lagðar fyrir stjórn.

#### 5. Alþjóðamál

HTF og PBM lögðu fram skýrslu vegna NBCM í Vilnius sem þær sótt í upphafi mánaðarins. Það var álit þeirra að fundurinn hafi verið gagnlegur í alla staði og mjög vel að honum staðið. Nokkur mál komu til kasta LÆF í kjölfar fundarins og fór HTF yfir þau:

- a) Beiðni til LÆF um að styðja hugmynd frá Alliassi um að YFJ setti á fót sjóð til að styrkja skrifstofukostnað til handa RADA (landssamband æskulýðsfélaga í Hvíta-Rússlandi). Niðurstaðan var sú að LÆF studdi þetta ekki að sinni. JPS bað um að fá meiri upplýsingar um málið. *Sjá fylgiskjal I*
- b) Beiðni til LÆF um að styðja ályktun frá LiJOT (landssamband æskulýðsfélaga í Litháen) um betri stuðning við æskulýðsfélög. LÆF studdi ályktunina og verður hún lög fyrir Comem fund YFJ í maí á þessu ári í nafni LÆF og annarra landsambanda æskulýðsfélaga á Norðulöndum og í Eistrasaltsríkjunum. *Sjá fylgiskjal II*
- c) Beiðni um að LÆF skrifaði undir bréf til YFJ þess efnis að hvetja YFJ til að opinbera gögn þeirra fulltrúa sem í framboði eru til framkvæmdastjóra YFJ strax en ekki bíða til 22. apríl eins og áætlað var. LÆF samþykkti að skrifa undir bréfið. *Sjá fylgiskjal III*

#### 6. Sambandsþing LÆF

Ársreikningur frá bókkara LÆF var lagður fyrir. Engar athugasemdir komu frá stjórn aðrar en þær sem þegar höfðu borist í tölvupósti og höfðu verið leiðréttar. HTF sagði frá því að skoðunarmenn félagsins færu yfir reikningana mánudaginn 20. apríl n.k. Ákveðið að rita ekki á ársreikningana fyrr en að lokinni skoðun þeirra.

JPS ræddi um skýrslu stjórnar. Samþykkt að JPS og HTF ynnu að henni. Rætt var um að gera fundargögn sambandsþings aðgengilegru en á fyrri þingum.

#### 7. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

Tvö bréf höfðu borist:

- a) Bréf frá LiJOT þar sem óskað er eftir stuðningi frá LÆF við byggingu fundar og ráðstefnu aðstöðu fyrir æskulýðsfélög sem staðsett yrði í Litháen. Nokkur umræða skapaðist um málið. Niðurstaðan var sú að LÆF skrifa stuðningsbréf.

- b) Bréf frá YFJ þar sem beðið er um svar við því hvort félagið hafi áhuga á að taka þátt í verkefni á Evrópuvísu, stjórnðu af YFJ, um atvinnumál ungs fólks. Ákveðið að svara því að LÆF hefði áhuga á að taka þátt í verkefninu.

## 8. Önnur mál

- a) SSE lagði fram hugmynd að samstarfsverkefni SÍF og LÆF í atvinnumálum ungs fólks. SSE ásamt Hreiðari Má Árnasyni fulltrúa SÍF í fulltrúaráði LÆF hafa þegar tryggt verkefninu fé í sumar og munu þeir vinna að því í fullu starfi. Samstarfið fellst í því að LÆF notar tengslanet sitt til að auglýsa verkefnið. Verkefnið snýst um að skapa tengslanet atvinnulauss ungs fólks. Samþykkt að LÆF taki þátt í verkefninu.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:10

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

# Fylgiskjal I

## To European Youth Forum Council of Members

Brussels , May 7-10, 2009

### **MOTION**

The Nordic-Baltic Youth Councils request the Council of Members in Brussels (May 2009) to commit the YFJ Bureau to explore possibilities to create a specific fund aimed to help youth organisations in Belarus to cover their administrative costs.

### **Rationale:**

Nordic-Baltic Youth Councils are willing to help the Belarusian youth organisations in their difficult situation. There is also will in some of our member organisations to donate funds for development of youth participation in Belarus. The only problem to realise this is the lack of sufficient and trustworthy way to make the donation.

In our discussions with the National Youth Council in Belarus RADA we have seen a special need of resources for general administration of youth organisations. In the situation, where youth organisations can not legally exist, there are no possibilities to apply for administrative help from the government.

Therefore we urge the European Youth Forum to take this problem into account and explore the possibilities to create a fund that would help the activities of the Belarus youth by, issuing grants for general overhead costs of youth organisations (salaries, office rent, internet access etc.)

Respectfully,

Nordic-Baltic Youth Councils  
(Names)

# **Fylgiskjal II**

## **Resolution on Better and Overall Support for Youth Policy**

Submitted by LiJOT, LJP, ENL, Allianssi, LSU, DUF, LAEF

### **Introduction and background**

It is evident that today we have a situation which has deteriorated within the last year. The crisis has evolved not only financially but also mentally. The levels of unemployment even in welfare states have risen dramatically therefore many young people are feeling insecure about their present and future. It has touched the national policies and the capacity of other actors to put their contributions towards development of youth NGOs and their work. In many cases nongovernmental organizations are struck the most as they lose the financial tools and mostly political support for their activities, which play an important role in the empowerment of a young individual to have a successful and appropriate life.

### **Situation of youth NGOs**

Nongovernmental youth organizations have been recognized as an important and equal partner with the public institutions to ensure that a young person is ready and capable of entering the social life. Youth NGOs take responsibility to educate and provide an environment where young people can develop their capacity and skills. The work within nongovernmental area allows young people to make their own choices and to take responsibility for their actions as well as creates possibilities for recognising and identifying personal potential. One of the strengths of Youth NGOs is that each young person is enabled to choose freely their interest areas and in this way provide measures and tools for building personal leadership. Furthermore, Youth NGOs have a preventative function as keeping young people from delinquency by providing free time occupation activities. The potential young people acquire in Youth NGOs is important for their personal and professional ability development.

### **Approach: keeping the overall support for Youth NGOs**

Nowadays in the times of crisis Youth NGOs feel a crucial lack of support for the work that they are constantly doing with young people in empowering them, bringing them social capacities and educating them to be fully involved into society matters. We as young people feel that youth policy as such has been pushed down as a priority by accomplishing short term nonvisionary goals. We strongly believe that investing in young people is crucial for a state and society to develop properly and in a long term perspective constant support is needed. We urge the national states and transnational organizations to keep the overall support for youth policy and to keep it within main priorities of the political agenda.

## **Fylgiskjal III**

Open letter to the YFJ Bureau  
Vilnius 02/04/2009

Dear Tine and members of the Bureau,

It has come to our attention that the results of the assessments of candidates to the position of Secretary General of the YFJ are already available for the Bureau, but will not be available for the members before April 22. This could lead to secret campaigning and the spreading of confidential information through informal channels.

To avoid this we would encourage the Bureau to send out the list of candidates and any other relevant documents as soon as possible to all member organizations.

This will give the candidates an equal chance to campaign and the member organizations equal opportunities to access the information and to start preparing for the decision at the COMEM. We hope for your understanding of our concern.

Kind regards,  
Hanna Hallin on behalf of  
DUF,ENL, LNU, LJP, LiJOT, LAEF, LSU and LiJOT